

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 11. júní 2014 í máli nr. S-206/2014:

### Ákærvaldið

*(Katrín Ólöf Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari)*

gegn

**Davíð Þór Gunnarssyni**

*(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní 2014, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 15. apríl 2014, fyrir Héraðsdómi Reykjaness, á hendur Davíð Þór Gunnarssyni, kt. 000000-0000, Tjarnargötu 9, Sandgerði, „fyrir eftirtalin hegningar-, fíkniefna- og umferðarlagabrot:

I.

Fyrir hylmingu, með því að hafa, þriðjudaginn 10. september 2013, í bifreiðinni KI-362 utan við Hraunteig 28, Reykjavík, haft í vörslum sínum rafsuðuvél, startkapla og verkfærakistu allt að óþekktu verðmæti vitandi eða mátt vera ljóst að um þýfi væri að ræða og þannig haldið mununum ólöglega frá eiganda þeirra en mununum hafði verið stolið úr bifreiðinni TH-467 á tímabilinu 6.-9. september 2013. (*Mál nr. 007-2013-47283*).

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir líkamsrásir, með því að hafa:

1. Aðfaranótt sunnudagsins 13. október 2013, utandyra við skemmtistaðinn Home við Austurstræti 12a, Reykjavík, slegið A, kt. 000000-0000, í andlitið, með þeim afleiðingum að hann hlaut u.þ.b. 4 sm langan skurð á vinstri hlið andlitsins. (*Mál nr. 007-2013-53922*).
2. Þriðjudaginn 18. mars 2014, í bifreiðinni [...] á móts við Reykjavíkurveg 70, Hafnarfirði, slegið B, kt. 000000-0000, tveimur hnefahöggum í andlitið, með

þeim afleiðingum að hann hlaut mar og yfirborðsáverka á hægri kinn, blóðnasir og kvarnaðist upp úr framtönn hægra megin í efri góm. (*Mál nr. 007-2014-14097*).

Teljast brot þessi varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

### III.

Fyrir þjófnaði, með því að hafa;

1. Miðvikudaginn 19. febrúar, í verslun ÁTVR við Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði, í félagi við C, stolið pela af vodka að verðmæti kr. 3.599. (*Mál nr. 007-2014-15031*).
2. Miðvikudaginn 19. febrúar, í verslun ÁTVR við Stekkjarbakka 6, Reykjavík, í félagi við C, stolið pela af vodka að verðmæti kr. 3.899. (*Mál nr. 007-2014-15009*).
3. Fimmtudaginn 20. febrúar 2014, í verslun Elko við Skeifuna 7, Reykjavík, farið inn í skrifstofu verslunarinnar og stolið þaðan fartölvu að verðmæti kr. 179.995. (*Mál nr. 007-2014-9782*).

Teljast brot þessi varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### IV.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa;

1. Þriðjudaginn 10. september 2013, í íbúð að Hraunteigi 28, Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 17,91 g af maríhúana og 0,14 g af amfetamíni, sem lögregla fann við leit í íbúðinni. (*Mál nr. 007-2013-47606*).
2. Laugardaginn 10. mars 2014, við Trönuhraun 7, Hafnarfirði, haft í vörslum sínum 2,12 g af amfetamíni en ákærði kastaði frá sér efninu í ásýnd lögreglumanna. (*Mál nr. 007-2014-12230*).

Teljast brot þessi varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. og 6. gr. er varðar vörslur maríhúana, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

### V.

Fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa, laugardaginn 1. febrúar 2014, ekið bifreiðinni SO-129 sviptur ökurétti og óhæfur um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist 160 ng/ml af amfetamíni og 45 ng/ml af metýlfenídat auk þess sem MDMA og tetrahýdrókannabinólsýra mældist í þvagi) suður Snorrabraut og vestur Hringbraut í Reykjavík, uns lögregla stöðvaði

aksturinn á móts við Smáragötu í Reykjavík. (*Mál nr. 007-2014-5539*).

Telst brot þetta varða við 1. og 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997 og 5. gr. laga nr. 66/2006.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006. Jafnframt að ofangreind fíkniefni, samtals 17,91 g af maríhúana og 2,26 g af amfetamíni, sem hald var lagt á, verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

#### *Einkaréttarkröfur:*

1. Vegna ákæruliðar III.1 gerir Erla Skúladóttir hdl., fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR), kt. 000000-0000, kröfu að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 3.599 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. febrúar 2014 til 13. apríl 2014 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Að auki er gerð krafa um greiðslu lögmannskostnaðar að fjárhæð kr. 22.000 auk virðisaukaskatts, með fyrirvara um frekari málskostnað undir rekstri málsins.
2. Vegna ákæruliðar III.2 gerir Erla Skúladóttir hdl., fyrir hönd Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR), kt. 000000-0000, kröfu að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 3.760 auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. febrúar 2014 til 13. apríl 2014 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Að auki er gerð krafa um greiðslu lögmannskostnaðar að fjárhæð kr. 22.000 auk virðisaukaskatts, með fyrirvara um frekari málskostnað undir rekstri málsins.“

Við fyrirtöku málsins þann 5. maí 2014 voru sameinaðar undir málsnúmeri þessa máls samkvæmt heimild í 169. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála tvær nýjar ákærur:

Ákæra útgefin af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, dags. 5. maí 2014, þar sem ákærði er sakaður um tilraun til skjalafals, með því að hafa miðvikudaginn 19. febrúar 2014, reynt að innleysa falsaðan tékka, sem ákærði hafði komist yfir, í útibúi Landsbankans við Austurstræti 11 í Reykjavík og með því reynt að blekkja starfsmenn bankans til að afhenda sér kr. 250.000 í reiðufé, en óútfylltu tékkhefti hafði verið stolið deginum áður frá [...] við [...] í Hafnarfirði. (*Mál nr. 007-2014-*

18287).

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæra útgefin af ríkissaksóknara dags. 30. apríl 2014, þar sem ákærði er sakaður um sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa að morgni föstudagsins 10. janúar 2014, í anddyri hússins að Hafnarbraut 11 í Kópavogi, veist að D og skotið hann einu skoti með loftbyssu í andlitið þannig að kúlan lenti rétt neðan við vinstri augnabrún D, og síðan veist að honum með höggum, allt með þeim afleiðingum að D hlaut sár 3-4 mm fyrir neðan vinstri augnabrún, bólgu og mar á augnloki, mar á vinstra eyra og blæðingu í eyrnaganginum, rispur og eymsli yfir vinstra herðablaði og mar vinstra megin á hálsi. Fjarlægja þurfti kúluna þar sem hún var föst undir húðinni, 1-1,5 sm utan við sárið á augnlokinu.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

## I

Mál þetta var þingfest þann 16. apríl 2014. Við fyrirtöku málsins þann 25. apríl 2014, játaði ákærði skýlaust sök samkvæmt ákæruliðum I. II.1, III, IV. og V. í ákæru útgefinni 15. apríl 2014, en neitaði sök samkvæmt ákærulið II.2. Við fyrirtöku málsins þann 5. maí sl. voru bornar undir ákærða tvær nýjar ákæur útgefnar 5. maí 2014 og 30. apríl 2014. Ákærði neitaði sök í þeim báðum við fyrirtöku málsins þann 14. maí 2014.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu og að sakarkostnaður, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, greiðist úr ríkissjóði. Til vara að ákærða verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er gerð krafa um að gæsluvarðhald er ákærði hefur sætt frá 19. mars 2014, komi til frádráttar refsingunni að fullri dagatölu.

## II

Um málavexti að því er varðar ákæruliði I. II.1, III, IV. og V. í ákæru útgefinni 15. apríl 2014. er skírskotað til lýsinga í ákæru.

### Málavextir varðandi ákærulið II.2 í ákæru útgefinni 15. apríl 2014:

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst tilkynning þann 18. mars 2014, um að C ásamt öðrum manni væri að elta þann þriðja við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði, og væru þeir með hafnaboltakylfu. Grunur lék á því að um væri að ræða rán og

líkamsárás og var því farið að heimili C. Á staðnum hittist fyrir C og ákærði þessa máls, auk þess sem þar voru einnig fyrir tvær stúlkur undir lögdaldi. C og ákærði voru spurðir út í málavexti og sögðu þeir að um hefði verið að ræða fíkniefnasala sem hefði ætlað að selja þeim kannabis. Þegar þeir hafi svo reynt að komast hjá því að borga hafi fíkniefnasalinn hlaupið á brott. Þeir hafi hlaupið á eftir honum en hann komist undan.

B, brotþoli í þessum þætti málsins bar að hann hafi farið fyrir utan Hótel Hafnarfjörð í þeim tilgangi að selja stúlku 3 grömm af kannabis. Hafi ákærði komið þangað, sest inn í bifreið hans og beðið hann að aka bifreiðinni að Reykjavíkurvegi 70 í Hafnarfirði sem hann hafi gert. Á staðnum hafi hann rétt honum 3 grömm af kannabis og hafi ákærði tekið við þeim en í stað þess að greiða umsamda fjárhæð hafi hann slegið brotþola í kinnbein og nef. Hafi brotþoli þá óskrað eitthvað, náð að komast út úr bifreiðinni og hlaupið á brott. Hafi ákærði hlaupið á eftir honum og síðan annar maður einnig, en þeim manni gæti hann ekki lýst þeim frekar. Ákærði neitaði sök hjá lögreglu. Brotþoli leitaði lækniástoðar og í læknisvottorði kemur fram að hann hafi verið með mar á hægri kinn, hafi hlotið blóðnasir og kvarnast hafi úr stórri framtönn hægra megin í efri góm.

#### Málavextir varðandi ákæru útgefna 5. maí 2014:

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu, barst lögreglu kæra um þjófnað úr skrifstofuhúsnæði [...] að [...] í Hafnarfirði þann 19. febrúar sl. og hafi lyklum verið stolið. Degi síðar hafi verið hringt í vélsmíðjuna úr Landsbankanum og tilkynnt að ungur maður væri að reyna að skipta ávísun úr tékkhefti fyrirtækisins. Ávísunin hafi verið að fjárhæð 250.000 krónur. Hafi starfsfólk bankans tekið eftir því að ávísunin hafi verið ranglega útfyllt og því hafi hún ekki fengist skipt. Fram kom að myndir hafi náðst af meintum geranda en hann hafi farið af vettvangi.

#### Málavextir varðandi ákæru útgefna 30. apríl 2014:

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var hringt frá slysadeild Landspítala vegna karlmanns sem að sögn lækni hafði verið misþyrmt illilega, og hafi meðal annars verið skotinn með loftriffla í andlitið. Brotþoli óskaði sjálfur ekki eftir aðstoð lögreglu. Brotþoli sagðist í fyrstu hafa verið að selja landa en dró það til baka og sagðist vera fíkniefnasali. Hann hafi fengið símtal frá karlmanni sem hafi viljað kaupa af honum 10 grömm af kannabis. Hafi þeir ætlað að hittast að Hafnarbraut 11 í Kópavogi. Ákveðið hafi verið að salan færi fram í anddyri hússins. Hafi ákærði þá, án viðvörunar, tekið upp loftbyssu og skotið brotþola af stuttu færi í höfuðið og hafi skotið lent rétt fyrir ofan vinstra auga hans. Í framhaldi af þessu hafi ákærði og annar maður sem þar hafi verið staddur, ráðist á brotþola og hafi þeir látið högginn dynja á honum. Hafi hann afhent þeim „grasið“ og þeir þá sleppt honum og hann leitað til slysadeildar í framhaldi af því.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð brotþola og myndir af áverkum hans, auk mynda af byssukúlu sem fjarlægð var úr höfði brotþola.

### III

Hér verða eftir þörfum raktir framburðir ákærða og vitna fyrir dómi og lögreglu.

#### Ákæruliður II.2. í ákæru útgefni 15. apríl 2014:

Ákærði kom fyrir dóminn og vitnaði til framburðar síns í lögregluskýrslu. Kannaðist hann við að hafa hringt í brotþola og að hafa hitt hann fyrir framan Hótel Hafnarfjörð. Hafi hann sest þar inn í bifreið brotþola og hafi þeir verið einir í bifreiðinni. Brotþoli hafi hins vegar hlaupið í burtu, sennilega vegna þess að hann hafi þekkt ákærða. Hann hafi ekki lent í neinu rifrildi, hafi ekki einu sinni talað við brotþola. Þá hafi hann ekki lent í átökum eða slegið hann. Hann sjálfur hafi verið í fínu ástandi en staðið hafi til að fá „gras“ hjá brotþola en ekki hafi staðið til að greiða fyrir, hann hafi bara ætlað að taka það og ganga burt. Mundi hann ekki, hvort hann hafi fengið efnin hjá brotþola. Kvaðst hann ekki hafa hlaupið á eftir brotþola en hafi gengið að íbúð C. Ákærði bar að C hafi orðið vitni að atburðum þessum. Ákærði sagði að áverkar sem hafi verið á brotþola hafi ekki verið eftir hann. Borið var undir ákærða það sem fram kemur í lögregluskýrslu: „Komdu með grasið, ég ætla að fá það lánað hjá þér, ég er ekki með neinn pening“. Brotþoli hafi þá hlaupið út úr bifreiðinni og hann hlaupið á eftir honum. Sagðist ákærði ekki muna þetta en hann hafi munað þetta betur hjá lögreglu þar sem langt sé um liðið.

Vitnið B, brotþoli þessum þætti málsins, bar fyrir dómi að ákærði hafi komið upp í bifreið hans fyrir framan Hótel Hafnarfjörð. Hafi ákærði setið í farþegasætinu frammí. Hafi þeir keyrt stuttan spöl eða á næsta bílastæði og stoppað þar. Þar hafi ákærði hrópað eitthvað ógreinilegt að honum og slegið hann tvisvar með hægri hendi í andlitið. Hafi högginn komið á hægri hlið hans. Hann mundi ekki hvort ákærði hafi verið með opinn lófa eða krepptan hnefa. Hann hafi við þetta flúið út úr bifreiðinni og hlaupið burtu. Hann hafi ekki þekkt ákærða áður en þetta hafi átt sér stað. Vinur hans hafi síðan komið og sótt hann. Brotþoli bara kennsl á ákærða í dómsalnum. Brotþoli bar að afleiðingar líkamsárásarinnar hafi verið bólga í andliti auk þess sem flísast hafi úr framtönn.

Vitnið E bar fyrir dómi að hann þekkti brotþola. Hafi brotþoli hringt í hann og beðið að hann að sækja sig. Hafi hann sótt hann þar sem Hrói Höttur hafi verið í Hafnarfirði. Hafi brotþoli verið með blóðnasir og verið eitthvað hræddur. Hann hafi ekki séð neina aðra en brotþoli hafi sagt að hann hafi verið rændur og kýldur og hafi hann verið sleginn tvisvar. Hafi brotþoli ekki vitað hver hafi átt sök að máli. Hafi hann keyrt brotþola að bifreið hans sem hafi verið rétt hjá Hótel Hafnarfirði.

Vitnið C, bar fyrir dómi að hafa verið á fylleríi með ákærða þegar atvik gerðust. Pöntuð hafi verið fíkniefni og hafi ákærði ætlað að sækja þau og verið með peninga til þess að greiða fyrir fíkniefnin. Hann hafi sjálfur ekki farið með inn í bifreiðina hjá brotþola heldur hafi hann beðið við hótelið, nánar tiltekið inni á Hótel Hafnarfirði. Hafi hann séð hvar „dópsalinn“ hafi hlaupið út úr bifreiðinni og eitthvað í burtu. Hann kvaðst hafa séð hvað fram fór í bifreiðinni en ekki séð átök, ákærði hafi ekki slegið brotþola. Þá hafi ákærði ekki hlaupið á eftir brotþola heldur farið inn í íbúðina hans og það sama hefði hann sjálfur gert. Það hafi enginn hlaupið á eftir brotþola. Borin undir hann skýrsla hjá lögreglu þar sem eftir honum er haft að hann hafi verið inni í íbúðinni þegar þessi viðskipti áttu sér stað. Taldi vitnið að það myndi þetta betur í dag. Aðspurður um það sem fram kæmi í lögregluskýrslu um kústskaftið bar vitnið að hann hafi farið út með kústskaftið eftir að brotþoli hafi verið farinn, en hann hafi ekki viljað hafa þennan „dópsala“ nálægt húsinu sínu.

Vitnið F lögreglumaður bar fyrir dómi að hafa skoðað myndir frá Hótel Hafnarfirði. Hafi sést á þeim myndum er bifreið hafi komið þar að og annar maður sest upp í þá bifreið. Skömmu síðar hafi maður komið hlaupandi og taldi hann að það hafi verið ákærði þessa máls.

Vitnið G sérfræðingur á slysa- og bráðadeild Landsspítala gaf símaskýrslu fyrir dómi. Kvað hún brotþola hafa orðið fyrir tveimur hnefahöggum í bifreið. Hafi hann hlotið högg á andlit, aðallega hægri kinn og munn. Hafi verið eymsli og sjáanlegt mar á hægri kinn og örlítið, þó varla sjáanlegt brot í stóru tönn í efri góm, kvarnast hefði eilítið úr henni. Taldi hún að lýsing brotþola gæti vel samrýmst þessum afleiðingum. Brotþoli hafi ekki leitað eftir frekari þjónustu þeirra.

#### Ákæra útgefin 5. maí 2014:

Fyrir dómi bar ákærði að hann myndi ekki hvar hann hefði verið þann dag sem brotið mun hafa átt sér stað. Hann viti þó að það hafi ekki verið hann sem hafi gert það sem hann væri ákærður fyrir. Hann hafi ekki komist yfir tékkhefti frá [...] og hafi ekki fyllt út eða framvísað ávísun í útibúi Landsbankans í Austurstræti. Bornar voru undir ákærða myndir í málinu sem sýna mann við gjaldkeraborð bankans. Bar ákærði að það væri greinilegt að þessar myndir væru ekki af honum, hann kvaðst ekki þekkja sjálfan sig á þessum myndum. Aðspurður sagðist hann ekki hafa verið beðinn um að gefa rithandarsýnishorn.

Vitnið H kvaðst fyrir dómi að hafa kært þjófnað sem hafi átt sér stað hjá [...]. Hafi lyklum verið stolið af hurð og lyklum af öllum bifreiðum. Degi síðar hafi verið hringt frá Landsbankanum og honum tjáð að ungur maður væri að reyna að skipta ávísun með stimpli fyrirtækisins. Tékkheftinu hafi greinilega verið stolið án þess að

hann tæki eftir því. Aðspurður sagðist hann ekki hafa séð þann sem braust inn í fyrirtækið. Hafi hann skoðað öryggismyndavél hjá öðru fyrirtæki í húsinu og sjáist tveir menn fara út en myndirnar hafi verið mjög óskýrar og ekki hægt að greina af þeim hverjir hafi verið að verki.

Vitnið I starfsmaður Landsbanka Austurstræti bar fyrir dómi að drengur hafi komið með ávísun í bankann sem gjaldkera hafi þótt eitthvað skríttin og því beðið hana að skoða ávísunina. Hafi hún séð að ávísunin hafði verið vitlaust útfyllt, númer ávísunar hafi verið þar sem reikningsnúmer hafi átt að vera og þá hafi heftið verið gamalt og búið að loka reikningnum fyrir löngu. Hafi hún hringt í fyrirtækið sem hafi beðið hana að taka ávísunina. Á meðan á þessu stóð hafi drengurinn farið. Sjálf hafi hún ekki talað við drenginn en séð hann og kvað hún hann hafi verið í hettupeysu en kvaðst ekki muna lit hennar. Fram kom að ávísunin hafi í framhaldi af þessu verið geymd í skáp bankans.

Vitnið F lögreglumaður bar fyrir dómi að tilkynnt hafi verið um þjófnað á lyklum úr fyrirtæki. Lögreglan hafi síðan fengið tilkynningu um að maður væri að reyna að leysa út ávísun frá þessu fyrirtæki. Hafi þeir skoðað myndir úr bankanum og séð að þar hafi verið ákærði þessa máls. Hafi hann reynt að leysa út þessa ávísun með því að rita nafn annars manns á hana. Aðspurður hvort hann væri þess fullviss að myndirnar væru af ákærða þessa máls, sagðist hann vera 100% viss. Hann kvaðst þekkja ákærða vel, enda oft haft afskipti af honum. Ákærði hafi ekki sjálfur viljað kannast við að þessar myndir væru af honum og neitað að hafa verið á staðnum. Af myndum úr bankanum megi sjá sár á hendi og þegar ákærði hafi verið tekinn í skýrslutöku nokkrum dögum síðar hafi mátt sjá gróandi sár á hendi hans. Vitnið sagðist þekkja andlit ákærða en til þess að sannfæra ákærða sjálfan hafi einnig verið bent á sárin á hendinni. Aðspurður sagðist hann hafa borið þessa mynd undir kollega sína og hafi þeir allir verið þess vissir að um væri að ræða ákærða. Ekki hafi verið rannsökuð fingraför á ávísuninni eða mæling á lengd fingra.

Vitnið J lögreglumaður kom fyrir dóminn og bar að hafa haft afskipti af ákærða nokkrum sinnum áður. Fyrir vitnið voru lagðar myndir málsins sem eiga að sýna ákærða við gjaldkeraborð Landsbankans. Spurð hvort hafið væri yfir allan vafa að umræddar myndir væru af ákærða þessa máls, sagðist hún hafa þekkt manninn sem ákærða þessa máls. Reynsla hennar væri sú að ákærði þekkti sig sjaldnast á myndum.

Vitnið K lögreglumaður kom fyrir dóminn og bar að hafa haft afskipti af ákærða nokkuð oft og í öðru máli á þessu ári. Fyrir vitnið voru lagðar myndir málsins sem eiga að sýna ákærða við gjaldkeraborð Landsbankans. Spurður hvort hafið væri yfir allan vafa að umræddar myndir væru af ákærða þessa máls sagði hann að myndirnar væru af ákærða þessa máls og hann staðfesti það með undirritun sinni á lögregluskýrslu, á því væri enginn vafi.

Vitnið L lögreglumaður kom fyrir dóminn og bar að hafa haft afskipti af ákærða nokkrum sinnum. Fyrir vitnið voru lagðar myndir málsins sem eiga að sýna ákærða við gjaldkeraborð Landsbankans. Spurður hvort hafið væri yfir allan vafa að umræddar myndir væru af ákærða þessa máls, sagði hann að myndirnar væru af ákærða þessa máls og að það væri enginn vafi í hans huga.

Vitnið M lögreglumaður kom fyrir dóminn. Vitnið kvaðst þekkja ákærða vegna fyrri afskipta af honum. Fyrir vitnið voru lagðar myndir málsins sem eiga að sýna ákærða við gjaldkeraborð Landsbankans. Spurður hvort hafið væri yfir allan vafa að umræddar myndir væru af ákærða þessa máls, sagðist hún ekki geta verið 100% viss.

Vitnið N lögreglumaður kom fyrir dóminn. Vitnið kvaðst þekkja ákærða vegna fyrri afskipta af honum. Fyrir vitnið voru lagðar myndir málsins sem eiga að sýna ákærða við gjaldkeraborð Landsbankans. Spurður hvort umræddar myndir væru af ákærða þessa máls. Sagði hann þær líkar honum, en hann væri ekki 100% viss en þetta væri mjög, mjög líkt honum.

Vitnið O lögreglumaður kom fyrir dóminn. Vitnið kvaðst þekkja ákærða vegna fyrri afskipta af honum. Fyrir vitnið voru lagðar myndir málsins sem eiga að sýna ákærða við gjaldkeraborð Landsbankans. Spurður hvort hafið væri yfir allan vafa að umræddar myndir væru af ákærða þessa máls, sagðist hann hafa hitt ákærða fyrir nokkrum dögum og gæti ekki fullyrt um það.

#### Ákæra útgefin 30. apríl 2014:

Fyrir dómi bar ákærði að hafa verið í partýi hjá P þetta kvöld og síðan að hafa farið með stelpu á hótél. Hafi hann verið ölvaður og neytt einhverra efna en kvaðst muna eftir kvöldinu. Staðfesti hann að símanúmerið [...] væri síminn hans. Aðspurður sagðist hann ekki hafa pantað fíkniefni eða landa í þessu partýi. Hann kvaðst sjálfur ekki hafi hringt úr síma sínum til þess að panta fíkniefni eða landa. Þá hafi hann ekki lent í átökum eða rifrildi þessa nótt og hafi ekki verið með loftbyssu á sér. Hann hafi séð þannig hlut en aldrei átt þannig sjálfur. Þá þekki hann ekkert til brotþola, hafi aldrei séð þann mann. Aðspurður sagðist hann þekkja Q og hafi hann verið í partýinu þessa nótt ásamt mörgum öðrum en hann hafi ekki þekkt nærri alla. Hann sagðist ekki hafa komist yfir loftbyssu í þessu partýi og neitaði að hafa skotið brotþola í andlitið. Ákærða var bent á að fram kæmi hjá vitnum að hann hefði verið með loftbyssu í þessu partýi, en ákærði kvaðst ekki muna eftir því. Þá taldi ákærði það vera lygi að vitni hafi verið að því að ákærði hafi verið í anddyrinu með brotþola. Hann hafi farið úr partýinu með vinkonu sinni, R og hafi

Þau tekið leigubíl. Þaðan hafi þau farið á Hótel Flóka. Þekkti ákærði sjálfan sig af öryggismyndum sem teknar höfðu verið á bensínsstöð þá um nóttina. Aðspurður sagðist hann ekki hafa veitt brotþola þá áverka sem fram kæmu í áverkavottorði. Spurður um skemmdir á spegli á Hótel Flóka, þá kvaðst ákærða hafa skemmt spegilinn með því að henda skrufjárnri í hann. Spegillinn hafi ekki verið skemmdur með byssu.

Vitnið Q bar fyrir dómi að hafa verið í partýi hjá P félaga sínum. Hafi hann verið að bíða eftir öðrum félaga sínum fyrir utan húsið við Hafnarbraut 11 og að ákærði, sem hafi verið þar hjá, hafi verið búinn að ákveða að ræna einhvern dópsala. Hann hafi séð brotþola koma og hafi hann farið með ákærða inn í anddyri hússins. Fram kom að ákærði hafi verið svartklæddur. Hann viti ekki hvað hafi gerst en ákærði og brotþoli hafi verið í átökum í anddyrinu. Hann hafi þá komið inn í anddyrið og grípið eitthvað inn í til þess að stoppa áflogin. Hann hafi ekki séð hvor átti upptökin að átökunum en vitað að um dópsalann væri að ræða. Aðspurður sagðist hann hafa séð loftbyssu þegar átökin hafi verið búin. Hafi honum brugðið. Hann hafi ekki vitað hvor hafi verið með þessa byssu en ákærði hafi tekið hana með sér þegar hann hafi farið. Spurður hvort ákærði hafi sagt eitthvað við hann þegar hann hafi verið í anddyrinu bar vitnið að þegar hann hafi tekið upp byssuna hafi ákærði sagt honum að skjóta brotþola. Byssan hafi verið brotin í gólfinu, í tveimur pörtum. Ákærði og brotþoli hafi þá legið í gólfinu. Aðspurður sagðist hann ekki hafa séð skotið úr byssunni eða að hafa heyrt nein skothljóð. Beðinn um að lýsa byssunni sagði hann að þetta hafi bara verið skammbyssa svört á litin eins og eftirlíking af byssu. Hann sagðist ekki hafi séð að byssunni hafi verið beitt í áflogunum eða að ákærði hafi ógnað brotþola með byssunni. Fram kom að eftir að ákærði og brotþoli hafi öskrað eitthvað hvor á annan hafi brotþoli farið. Ákærði hafi hins vegar orðið eftir í partýinu en leigubíll hafi verið pantaður fyrir hann, enda búið að biðja hann um að fara. Hann hafi sagt P frá því sem gerðist og hafi P verið mjög pirraður yfir því.

Vitnið P bar fyrir dómi að hann hafi verið útúrdópaður á þessu tímabili og verið í mikilli neyslu. Hann muni ekki hverjir hafi verið heima hjá honum á þessum tíma eins og fram komi í lögregluskýrslu. Spurður hvort ákærði hafi verið heima hjá honum kom fram að hann hafi aldrei viljað fá hann heim til sín en muni ekki hvort hann hafi verið á staðnum.

Vitnið S gaf símaskýrslu fyrir dómi og bar að hafa verið að Hafnarbraut 11 í Kópavogi þann 10. janúar sl. Þar hafi einnig verið P og Q ásamt fleirum sem hann viti ekki deili á en ákærði sem hann þekki ekki, hafi einnig verið á staðnum. Fram kom að hann myndi lítið eftir kvöldinu og hafi sofnað áfengissvefni. Aðspurður sagðist hann ekki hafa séð neina loftbyssu eða ryskingar.

Vitnið T kom fyrir dóminn og bar að hún þekkti ákærða þessa máls. Spurð hvort hún hafi verið í partýi með ákærða þann 10. janúar sl. kom fram að það hafi verið

partý hjá henni í einn og hálfan mánuð á þessum tíma. Aðspurð hvort hún myndi eftir loftbyssu heima hjá sér sagðist hún muna eftir einhverri svartri lítilli leikfangabyssu en kvaðst ekki vita hvort það var loftbyssu, en hún hafi ekki verið að leika sér með hana. Ákærði hafi hins vegar verið hjá henni í marga daga en hún hafi aldrei séð hann með byssu.

Vitnið U bar fyrir dómi að það gæti vel verið að hún hafi verið í partýi að Hafnarbraut 11 í Kópavogi þann 10. janúar sl., en hún muni það ekki sérstaklega vel. Vinur hennar byggi þar og hafi hún fengið að vera þar af og til. Aðspurð kvaðst hún ekki þekkja ákærða þessa máls en sagðist þekkja Q. Aðspurð sagðist hún hafa átt símanúmerið [...] en hætt að nota það. Vel gæti verið að hringt hafi verið úr þessu númeri og pantaður leigubíll þessa nótt. Hún sagðist ekki hafa séð skammbyssu á staðnum.

Vitnið V bar fyrir dómi að hann þekki ákærða. Hann hafi verið í sambandi við ákærða eftir atburði þessa máls. Hafi ákærði ekki rætt við hann um þá atburði, en hann hafi heyrt það frá öðrum. Spurður um hvort hann hafi séð ákærða með loftbyssu eftir þetta, kom fram hjá honum að hann hafi séð ákærða og tvo aðra með svona byssur. Hann væri ekki viss hvort ákærði hafi haldið á svona byssu en hann hafi verið í partýi þar sem svona byssa hafi verið. Vitnið bar að það hafi ekki átt 66° úlpu sem hafi verið haldlögð heima hjá honum en ákærði hafi þá verið heima hjá honum. Aðspurt mundi vitnið ekki eftir því þegar borin var undir það lögregluskýrsla að það hafi séð ákærða með loftbyssu þann 9. janúar 2014.

Vitnið R bar fyrir dómi að hafa komið með ákærða að Hafnarbraut 11 í Kópavogi þann 10. janúar sl. Hafi það verið seint, eða um fjögur um nóttina. Hafi ákærði stoppað stutt og hún pantað fyrir hann leigubíl og hafi hún ekki séð hann aftur fyrr en nokkrum dögum síðar. Hafi hann verið undir áhrifum fíkniefna en hún myndi ekki hvernig hann var klæddur. Aðspurð sagðist hún ekki hafa séð ákærða með loftbyssu, hvorki fyrr né síðar. Þá hafi hún ekki séð neina byssu að Hafnarbraut 11. Borið undir hana það sem fram komi í lögregluskýrslu að hún hafi séð ákærða með byssu, kom fram að það hafi verið mörgum mánuðum áður og annar maður hafi átt þá byssu.

Vitnið X bar fyrir dómi að hafa aðfararnótt 10. janúar sl. verið að „rúnta“ með brotapolu þegar hringt hafi verið í hann. Hafi hún keyrt hann til þess að hitta menn. Á staðnum hafi verið tveir menn. Hafi annar þeirra staðið við fjölbýlishúsið en hinn hafi komið upp að bílnum en hún gæti ekki lýst honum, enda hafi verið dimmt úti. Hafi brotapolu og báðir mennirnir farið inn í fjölbýlishúsið. Brotapoli hafi síðan komið allur í blóði og sagt sér að keyra í burtu. Hafi hún gert það og síðar um nóttina keyrt hann á slysadeild. Aðspurð sagðist hún ekki hafa séð neina byssu. Borin var undir vitnið skýrslutaka af henni hjá lögreglu þar sem fram hefði komið sú lýsing á öðrum mannanna að hann hafi verið lítill og mjór með áberandi bauga

undir augum, ca. 170 til 175 cm. Hafi hann verið í svartri hettupeysu eða úlpu með hettuna á höfði, dópistalegur í útliti og hafi hártoppurinn sést undan hettunni, dökkar krullur. Vitnið kvað vera langt síðan og kannski hafi hún munað þetta betur áður. Er borin voru undir vitnið myndir af ákærða ganga inn á bensínstöð þá sömu nótt sagði það að sá maður væri mjög líkur þeim sem hafi komið að bílnum en það væri ekki 100% visst. Þá kom fram að vitnið hefði verið edrú umrædda nótt.

Vitnið D, brotápoli þessa máls bar fyrir dómi að hafa verið í viðskiptaerindum við Hafnarbraut 11 í Kópavogi aðfaranótt 10. janúar sl. Hafi hann hitt þar tvo menn og þeir farið inn í stigagang og hafi annar þeirra verið að telja peninga og sá allt í einu sagt: „Sjáðu“ og hann síðan skotið hann í andlitið, fyrir ofan vinstri augabrún. Hafi hann vankast og misst heyrnina öðrum megin. Í framhaldi af því hafi maðurinn ráðist á hann og spurt hann: „Hvar eru peningarnir?“. Hafi hann sagt við hann: „Ég gaf þér allt sem ég var með“ og í framhaldi af því hlaupið út. Spurður hvort hann gæti lýst þessum manni bar hann að hann hafi verið með stutt krullað hár, kringum 170 cm. á hæð. Hafi hann verið í svartri úlpu en verið með hettu á höfðinu í fyrstu. Fram kom að brotápoli þekkti ekki ákærða og hafi ekki hitt hann eftir þetta. Hinn maðurinn hafi verið með skrýtna húfu á sér og stór gleraugu. Hann hafi bara staðið og horft á og hafi honum fundist sem honum litist ekki á þetta. Fram kom að minni maðurinn hafi verið með byssuna innan í úlpunni. Beðinn um að lýsa byssunni kom fram að þetta hafi verið svört skammbyssu og hafi minnt hann á „Luger“ byssu með mjótt hlaup. Spurður hvort mynd af byssu úr gögnum málsins væri sama byssan, kvað vitnið svo ekki vera. Fram kom að engin orðaskipti hafi átt sér stað en hann hafi reynt að slá eitthvað á móti en hafi verið vankaður eftir skotið.

Spurður um hvaða afleiðingar þetta hafi haft fyrir hann kom fram að hann ætti erfitt með svefn, vakni oft upp með martraðir og hafi misst vinnu sína. Þá sé hann alltaf hræddur, alltaf að líta í kringum sig og telji að ákærði sé að koma á eftir honum. Um líkamlegar afleiðingar þá sagðist hann hafi misst heyrn í einhvern tíma, verið aumur og bólginn í andliti. Spurður um ástand hans á umræddum tíma kom fram að hann hafi verið undir áhrifum, verið „þínu“ skakkur. Spurður hvort hann hafi sjálfur mætt með byssu með sér svaraði hann því neitandi.

Þegar bornar voru undir brotápoli myndir úr málinu af ákærða sem ákærði hefur borið að séu af honum sjálfum sagði vitnið að: „Þetta væri maðurinn“ og átti þar við manninn sem réðst á hann og skaut hann. Sagðist hann hafi séð myndir af honum á Facebook og þá verið sannfærður þó hann hafi áður talið að um væri að ræða aðra menn. Hafi hann ekki komið þessum upplýsingum til lögreglu enda hafi hann verið hræddur um líf sitt. Spurður um skýrslu sína hjá lögreglu þar sem fram kemur að tveir menn hafi ráðist á hann en nú beri hann að það hafi verið einn, bar vitnið að það hefði fyrst talið að þeir hafi báðir ráðist á sig en síðan rifjað þetta upp og munað að það var bara annar þeirra.

Vitnið N lögreglumaður bar fyrir dómi að hafa rætt við lækni sem hafi hringt frá slysadeild vegna áverka frá skotvopni. Hafi brotápoli verið tregur í fyrstu að upplýsa þá um atburði en síðan gefið þeim þær upplýsingar að hann hafi verið að selja kannabis til aðila sem hann vissi ekki deili á. Í anddyrinu að Hafnarbraut 11 í

Kópavogi hafi brotaþoli orðið fyrir árás, tveir menn hafi rænt hann. Hafi hann sjálfur farið á vettvang og séð hugsanleg sönnunargögn í anddyrinu og hafi tæknideild verið kölluð til. Brotaþoli hafi verið „skakkur“. Erfitt hafi verið miðað við þær lýsingar sem brotaþoli hafi gefið að fullyrða hverjir hafi verið að verki þó ákærði hafi komið til greina.

Vitnið M lögreglumaður bar fyrir dómi að hafa tekið símaskýrslu af brotaþola. Hafi brotaþoli lýst tveimur mönnum, annar hafi verið úlpuklæddur og verið minni, en hinn hafi verið með rauðleitt skegg. Hafi brotaþoli talið þátt þessa með rauðleita skeggið lítinn en hinn hafi verið með loftskammbyssu sem hann hafi skotið brotaþola í höfuðið með. Fram kom að vitnið hafi hringt í símanúmer það sem brotaþoli hafi gefið upp að hafi hringt. Taldi hún að það hafi verið ákærði sem hafi svarað og taldi 99,9% líkur á því að hann hafi kynnt sig sem ákærði, þó hann hafi ekki kannast við það síðar. Aðspurð hvort brotaþoli hafi verið spurður út í það hvort hann hafi verið með þessa byssu eða hvort brotaþoli hafi borið kennsl á ákærða af myndum, kom fram að brotaþoli hafi ekki gefið frekara færi á skýrslutöku, það hafi þó verið reynt. Þá kom fram að brotaþoli hefði borið að hann væri landa- eða fíkniefnasali og að hann væri sjálfur væri ekki ókunnur að beita ofbeldi.

Vitnið O lögreglumaður bar fyrir dómi að hafa framkvæmt húsleit að Hestavaði og farið yfir símagögn. Hafi ákærði verið handtekinn þar og hafi húsleitinn beinst að því að finna meint skotvopn. Haldlögð hafi verið úlpa sem samræmdist lýsingu á klæðnaði ákærða. Þá hafi símanúmer aðila þessa máls verið vistuð á einhverjum þeirra síma sem hafi verið haldlagðir.

Vitnið Y lögreglumaður bar fyrir dómi að hafa komið tvisvar að þessu máli. Hafi hann tekið blóðsýni af blóðdropa á rúðu og blóðkámi á hurðasnerli á Hafnarbraut 11 í Kópavogi og tekið mynd af vettvangi. Þá hafi hann tekið við kúlu frá slysadeild, ljósmyndað hana og vigtað. Síðar hafi hann í tengslum við þetta mál verið sendur á Hótel Flóka þar sem grunur hafi verið um að skotið hefði verið í gegnum spegil. Hafi hann tekið spegilinn og mælt. Hafi gatið verið um 5-6 mm og gat þannig verið eftir þessa kúlu en ekki hafi verið hægt að segja til um það með vissu. Þeir hafi ekki fundið kúlu á staðnum og ekki hafi verið ákoma á veggnum. Aðspurður taldi hann ekki útilokað að gatið væri eftir skrufjárn eins og ákærði hélt fram.

Vitnið Z, sérfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, bar fyrir dómi að hafa gert greinagerð um símagögn tveggja símanúmera. Hafi hann teiknað feril fyrir notkun númeranna á tímabilinu 04:00-06:00 aðfararnótt 10. janúar 2014. Niðurstaðan væri í stuttu máli sú að samskipti milli þeirra númera hæfust rétt fyrir klukkan hálf fimm um nóttina. Samskipti hafi átt sér stað í fjögur skipti. Hafi rannsóknarspurningin verið sú hvort báðir þessir símar hafi verið í nágrenni við Hafnarbraut 11 í Kópavogi á ákveðnum tíma og hafi niðurstaðan verið sú að svo

hafi verið, eða um klukkan fimm um nóttina. Fram kom að villa væri á mynd, litur passaði ekki við símanúmer, það hefði víxlast.

Vitnið Þ, sérfræðingur hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, bar fyrir dómi að hafa rannsakað fatnað frá brotaþola og tveimur grunuðum aðilum. Frá brotaþola hafi hann fengið buxur, stuttermabol, peysu og skó. Ekkert hafi fundist á skóm en blóðblettir í öðrum fatnaði. Frá ákærða hafi hann rannsakað buxur og hettupeysu en ekkert markvert hafi fundist í þeim fatnaði. Þá hafi blóðblettir fundist í hettupeysu Q. Rannsókn á stakri úlpu sem hafi verið haldlögð síðar hafi ekki leitt neitt sérstakt í ljós. Ekki hafi verið óskað eftir DNA rannsókn á blóði sem fannst í fatnaði brotaþola en honum hafi fundist líklegt að blóðið væri úr brotaþola sjálfum.

Vitnið Æ lögreglumaður bar fyrir dómi að hafa rannsakað byssu. Hafi rannsóknin leitt í ljós að ekki væri hægt að staðfesta að umrædd byssa hafi verið notuð í þessu umrædda tilfelli. Ekki hafi verið leitað eftir fingraförum. Fram kom að kúlan sem hafði fundist á vettvangi hafi ekki verið nákvæmlega eins og þær kúlur sem voru fyrir í þeirri byssu.

Vitnið Ö lækni gaf símaskýrslu fyrir dómi og bar að brotaþoli hafi komið á slysideild að morgni 10. janúar 2014. Hann hafi sjálfur ekki tekið á móti brotaþola og hafi brotaþoli þá verið búinn að fara í sneiðmynd. Hafi hann verið með sár rétt yfir vinstra auga og áverka á hálsi eins og eftir hálstak, auk þess sem blætt hafi úr vinstra eyra auk minniháttar áverka á baki. Á sneiðmynd hafi komið fram að kúlulaga aðskotahlutur hafi verið rétt fyrir neðan augabrúnina vinstra megin. Hafi hann fjarlæggt hlutinn sem hafi verið kúlulaga loftbyssuskot. Af sneiðmynd megi sjá að kúlan hafi stöðvast á beini en ekki af mjúkvöðvum. Kúlan hefði því getað valdið meiri skaða, t.d. augnskaða, ef hún hefði ekki stöðvast á beininu. Þannig hefði kúlan ekki þurft að fara nema kannski hálfum sentimetra neðar og þá hefði hún lent í augntóftinni og þá hefði það getað valdið varanlegum augnskaða. Ekki væri hægt að fullyrða að meiri skaði hefði orðið. Fram kom að brotaþoli hafi ekki komið aftur til meðferðar.

#### IV

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við framlögð sakargögn, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem ákæra útgefin 15. apríl 2014, í liðum I., II.1, III., IV, og V. á hendur honum tekur til samkvæmt framansögðu og eru þau réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður II.2 í ákæru útgefni 15. apríl 2014.

Fram kemur í lögregluskýrslu, að bifreiðin LI-925 hafi staðið fyrir framan Reykjavíkurveg 70 í Hafnarfirði þegar lögreglu hafi borið þar að og hafi stöðuljós verið á bifreiðinni. Umrædd bifreið er sú sem brotþoli í þessum þætti málsins bar að hafa verið á og keyrt að Hótel Hafnarfirði þar sem ákærði kom upp í bifreiðina og þeir síðan ekið að Reykjavíkurvegi 70 þar sem líkamsárásin hafi átt sér stað. Öryggismyndavél Hótel Hafnarfjarðar náði myndum af því þegar bifreiðin LI-925 keyrir þar að og heldur síðan áfram í átt að Reykjavíkurvegi 70. Staðsetning ökutækisins samkvæmt lögregluskýrslu og myndirnar staðfesta þannig framburð brotþola að líkamsárásin hafi ekki átt sér stað fyrir framan Hótel Hafnarfjörð, heldur Reykjavíkurveg 70. Þá kemur fram í lögregluskýrslu að ákærði hafi hitt brotþola í anddyri Hótel Hafnarfjarðar. Þessi frásögn ákærða fær heldur enga stoð af myndum úr nefndu öryggiskerfi. Sú staðreynd að meint árás átti sér ekki stað fyrir framan Hótel Hafnarfjörð gerir það einnig mjög ósennilegt að C hafi getað séð það sem fram fór þar sem hann kvaðst hafa verið inni á Hótel Hafnarfirði þegar líkamsárásin átti sér stað.

Mikið misræmi er í frásögn ákærða og C fyrir dómi og fyrir lögreglu. Í lögregluskýrslum málsins er haft eftir brotþola, ákærða og vitnum málsins, að það hafi ekki verið ákærði sem hringdi í brotþola, heldur hafi það verið stúlka. Ákærði bar fyrir dómi að hafa sjálfur hringt. Í lögregluskýrslu er haft eftir ákærða að hann hafi sagt við brotþola: „Komdu með grasið, ég ætla að fá það lánað hjá þér, ég er ekki með neinn pening“. Hafi brotþoli þá hlaupið út og hann hlaupið á eftir brotþola. Hafi C síðan komið og haldið áfram að hlaupa á eftir brotþola. Fyrir dómi bar ákærði að hann hafi ekki hlaupið á eftir brotþola. Einnig bar C fyrir dómi að hann hafi ekki hlaupið á eftir brotþola en fyrir lögreglu hafði hann einnig borið að hafa hlaupið eitthvað á eftir brotþola.

Í skýrslu fyrir dómi bar ákærði að hann hafi ekki ætlað sér að greiða fyrir „grasið“, hann hafi bara ætla að taka það. C bar á svipaðan hátt fyrir lögreglu að ákærði hafi ætlað að fá þetta lánað og borga seinna. Fyrir dómi bar C hins vegar að ákærði hafi verið með pening á sér til þess að greiða fyrir fíkniefnin. Einnig hafði C borið fyrir lögreglu að hann hafi verið heima hjá sér þegar þessi viðskipti áttu sér stað en bar fyrir dómi að hafa verið inni á Hótel Hafnarfirði. Taldi C að hann myndi þetta betur í dag. Ákærði á hinn bóginn taldi að þar sem langt væri um liðið þá hefði hann munað þetta betur hjá lögreglu.

Framburður ákærða og vitnisins C er samkvæmt framangreindu mjög ótrúverðugur. Brotþoli hefur á hinn bóginn verið staðfastur í frásögn sinni um málsatvik og fær framburður hans stoð í frásögn lögreglu af staðsetningu bifreiðarinnar LI-925 og myndum úr öryggiskerfi Hótel Hafnarfjarðar. Verður ekki annað séð af málsatvikum en að ásetningur hafi staðið til þess hjá ákærða að „taka grasið“ án þess að greiða fyrir. Framburður vitnisins E er til stuðnings þeirri frásögn brotþola að hann hafi verið kýldur en vitnið bar að brotþoli hafi verið hræddur er vitnið kom til fundar við hann og með blóðnasir. Framlagt læknisvottorð styður einnig framburð brotþola, að hann hafi hlotið högg á andlit, aðallega hægri kinn og munn og að mati G gat atvikalýsing brotþola vel samrýmst þeim áverkum sem hann var með.

Með vísan til framangreinds þykir komin fram lögfull sönnun sem ekki verður vefengd með skynsamlegum rökum að ákærði hafi veist að brotþola eins og í

ákæru greinir og veitt honum þá áverka sem þar greinir. Telst brotið réttilega heimfært til 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og verður ákærða gerð refsing fyrir.

#### Ákæra útgefin 5. maí 2014.

Ákærði neitaði sök og sagðist ekki muna hvar hann hafi verið umræddan dag. Framlagðar myndir í málinu sem ákæruvaldið telji sönnun þess að hann hafi verið í bankanum þennan dag séu alls ekki af honum. Þá hafi engin rannsókn átt sér stað sem sanni að hann hafi átt hlut að máli, svo sem fingrafararannsókn.

Ávísun sú sem um getur í ákæru, dags. 5. maí 2014, mun hafi verið stolið við innbrot í [...] degi áður. Lögreglamaður sem rannsakaði málið kvað engan vafa leika á því að fyrrnefndar myndir væru af ákærða þessa máls. Því til frekari staðfestingar liggja fyrir samanburður á sárum á hönd þess sem er á myndunum og sárum á hendi ákærða. Fyrir dóminn kom nokkur fjöldi lögreglumanna. Voru lögreglumenn spurðir hvort þeir gætu án nokkurs vafa fullyrt að um væri að ræða ákærða þessa máls. Af þeim sjö lögreglumönnum sem báru vitni, svöruðu þrír því til að þeir væru ekki 100% vissir að myndirnar væru af ákærða.

Samkvæmt 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála metur dómari það hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn.

Ekkert er komið fram í málinu sem tengir ákærða við innbrot í [...]. Í þessu máli hagar svo til að ekki er öðrum sönnunargögnum til að dreifa en framangreindum myndum úr bankanum. Ákærði neitar að hann sé á myndunum og þrír lögreglumenn sem komu fyrir dóminn treystu sér ekki til þess að kveða á um að þeir væru þess fullvissir að um væri að ræða ákærða þessa máls, en allir höfðu þeir oft haft afskipti af ákærða í starfi sínu. Gjaldkeri sá sem tók á móti og afgreiddi grunaðan var ekki kallaður fyrir dóm en starfsmaður bankans sem síðar fékk ávísunina í hendur kom fyrir dóminn. Sá starfsmaður bar að grunaður hafi verið klæddur í hettupeysu. Af framlögðum myndum að dæma verður ekki séð að maður á þeim myndum sé í hettupeysu. Þá fór ekki fram nein fingrafararannsókn eða rithandarrannsókn hjá ákærða. Myndir þær sem liggja frammi í málinu eru ódagsettar og ótímasettar. Ekki liggur fyrir í málinu á hvaða tíma dags þann 19. febrúar sl. meint skjalafals átti sér stað og ætla má af lögregluskýrslu að brotið hafi í raun átt sér stað þann 20. febrúar sl. Ógerningur er því að tengja myndirnar saman við meint brot. Að mati dómsins er því komin fram verulegur vafi um sekt ákærða. Vafa þennan ber að skýra ákærða í hag og verður hann því sýknaður af umræddum sakargiftum.

#### Ákæra útgefin 30. apríl 2014.

Ákærði neitaði sök en bar að hafa verið í partyi hjá P aðfararnótt 10. janúar 2014 ásamt fleirum, meðal annars Q. Hann hafi hins vegar ekki pantað landa eða fíkniefni af brotþola og hafi ekki verið með loftbyssu á sér í þessu partyi. Þá hafi hann ekki veist að brotþola eins og í ákæru greinir. Hafi hann yfirgefið partyið með leigubíl þá nótt ásamt R og hafi þau gisti á Hótel Flóka. Vitnið P húsráðandi bar að hann myndi ekki hvort ákærði hefði verið á staðnum. Vitnið Q sem bar að hafa einnig verið í þessu partyi ásamt ákærða og R kvaðst hafa komið í partyið um fjögur um nóttina með ákærða en hafi síðan pantað leigubíl fyrir hann. Upplýst er samkvæmt framangreindu að ákærði hafi verið að Hafnarbraut 11 í Kópavogi aðfararnótt 10. janúar sl.

Í málinu liggja fyrir skýrslur um rannsókn á sínum ákærða og brotþola og greinargerð um staðsetningu þeirra. Í þeirri skýrslu kemur fram að hringt er úr síma ákærða ([...]) í síma brotþola ([...]) fyrst kl. 04:34 aðfararnótt 10. janúar sl. Ákærði kvaðst sjálfur ekki hafi hringt. Samkvæmt skýrslunni eiga sér stað nokkur símtöl á milli síma ákærða og brotþola fram til kl. 05:04 sömu nótt. Í myndrænni uppsetningu af staðsetningu umræddra símanúmera kemur fram að báðir þessir símar hafi verið í nágrenni við Hafnarbraut 11 í Kópavogi um klukkan fimm um nóttina. Brotþoli bar að karlmaður hafi talað í símann. Í vitnisburði M lögreglumanns kom fram að hún hafi hringt í símanúmer ákærða og taldi 99.9% líkur á því að það hafi verið ákærði sem hafi svarað og kynnt sig í símanum.

Q bar að ákærði hafi ætlað að ræna einhvern dópsala. Hafi hann sjálfur verið fyrir utan húsið að Hafnarbraut 11, þegar brotþoli hafi farið inn í anddyri þess og hafi hann orðið vitni að átökum milli ákærða og brotþola. Hafi hann ekki séð upptök átakanna en vitað að um dópsalann var að ræða. Þá kom fram að hann hafi ekki séð eða heyrt skotið úr loftbyssu eða séð byssu beitt í átökunum. Hann hafi hins vegar séð svarta byssu liggja á gólfinu í tveimur pörtum. Hann hafi ekki vitað hvor hafi komið með byssuna en ákærði hafi tekið hana með sér að áflogum loknum.

Ákærði bar sjálfur að hann hafi ekki lent í átökum eða rifrildum þessa nótt. X bar að hafa ekið brotþola að Hafnarbraut 11 í Kópavogi. Þar fyrir utan hafi verið tveir menn og gaf hún nokkuð greinargóða lýsingu á öðrum þeirra fyrir lögreglu. Fyrir dómi bar hún að mynd af ákærða sem var tekin sömu nótt væri mjög lík þeim manni sem hún hafi lýst þó hún væri ekki 100% viss. Hún bar að brotþoli hafi farið inn í anddyri hússins að Hafnarbraut 11 með þessum mönnum og hafi komið út aftur, allur í blóði. Brotþoli gaf sjálfur lýsingu á meintum árásarmanni og bar þegar bornar voru undir hann myndir af ákærða að það væri maðurinn sem hefði ráðist á sig. Vitnið Q bar að hann og ákærði hafi verið fyrir utan Hafnarbraut 11 umrædda nótt og hafi hann orðið vitni af átökum ákærða við einhvern dópsala í anddyri Hafnarbrautar 11 í Kópavogi. Framburður Q kemur því heim og saman við framburð brotþola og vitnisins X og er framburður þeirra því trúverðugur. Framburður ákærða er að mati dómsins ótrúverðugur þegar haft er í huga að hringt er úr hans síma í brotþola, sannanir liggja fyrir því að hann og brotþoli voru á sama stað á sama tíma og vitni er að því að ákærði hafi ráðist á mann eftir að hafa lýst því yfir að hann ætlaði að ræna dópsala.

Upplýst er að loftbyssu var beitt í átökum ákærða og brotþola, enda var loftbyssuskot fjarlægð úr augabrún brotþola samkvæmt framlögðu læknisvottorði. Umrædd byssa hefur ekki fundist. Brotþoli bar hins vegar að ákærða hafi verið

með byssu innan klæða. Vitnið Q bar að hafa ekki séð hvor hafi verið með byssuna en hún hafi legið á gólfinu og ákærði hafi sagt honum að skjóta brotþola þegar hann hafi tekið byssuna upp. Byssan mun þá hafa verið brotin í tveimur pörtum á gólfinu en ákærði hafi tekið hana með sér þegar átökum lauk.

Að mati dómsins er samkvæmt framangreindu komin fram lögfull sönnun þess að ákærði og brotþoli hafi báðir verið að Hafnarbraut 11 í Kópavogi að morgni 10. janúar sl. og lent þar saman í átökum og að í þeim átökum hafi ákærði skotið brotþola einu skoti í andlitið með loftbyssu og síðan veist að honum með höggum eins og nánar greinir í ákæruskjali. Verður ákærði sakfelldur fyrir þessa háttsemi og er hún réttilega heimfærð til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## V

Ákærði er fæddur í júní 1988. Sakaferill ákærða er langur. Samkvæmt sakavottorði hans var hann tvisvar dæmdur á árinu 2006 fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þá var hann sama ár dæmdur til að greiða sekt fyrir fíkniefnalagabrot. Með dómi 25. október 2007 var hann dæmdur í fangelsi í 4 mánuði fyrir brot gegn 1. mgr. 5. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, fyrir þjófnað og fíkniefnalagabrot, auk þess að vera sviptur ökurétti sex mánuði. 28. febrúar 2008 var hann dæmdur í fangelsi í þrjú ár og sex mánuði fyrir ýmis brot gegn ákvæðum almennra hegningarlaga, 1. mgr. 159. gr., 1. mgr. 259. gr. 248. gr. 249. gr. 231. gr., 244. gr. 245. gr., 106. gr. og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá var hann sviptur ökurétti í 8 mánuði. Með dómi 9. apríl 2008 var ákærði sviptur ökurétti í sex mánuði fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en ekki gerð sérstök refsing og sama var með dómi 13. febrúar 2009 þegar ákærði var aftur sviptur ökurétti í 6 mánuði fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ákærði var dæmdur til að greiða sekt á árinu 2009 og aftur á árinu 2010 fyrir fíkniefnalagabrot. Þá var ákærði dæmdur í 8 mánaða fangelsi þann 17. janúar 2011 fyrir fíkniefnalagabrot, vopnalagabrot, brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga og gegn 1. mgr. 5. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Jafnframt var hann sviptur ökurétti í tvö ár. Ákærði hlaut 45 daga fangelsisdóm þann 25. nóvember 2011 fyrir fíkniefna- og sviptingarakstur. Þann 12. apríl 2013 var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn ákvæðum hegningarlaga, 1. mgr. 106. gr. og 244. gr., gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni og vopnalaga og gegn ákvæðum 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 auk þess að vera sviptur ökuréttindum ævilangt. Þann 14. nóvember 2013 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot gegn ákvæðum laga um ávana- og fíkniefnum.

Brot ákærða í ákæruliðum I., II.1, og IV.1 í ákæru útgefinni 15. apríl 2014, eru hegningarauki skv. 78. gr. almennra hegningarlaga við síðastnefndan dóm. Með vísan til framangreinds og 3., 6., 7. og 8. töluliðar 1. mgr. 70. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 2 ár. Til frádráttar komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 19. mars 2014 til dagsins í dag. Þá er árétuð ævilöng ökuréttarsvipting ákærða auk þess sem ákærði

skal sæta upptöku á fikniefnum eins og nánar segir í dómsorði.

Ekki var mætt að hálfu bótakrefjanda við fyrirtöku málsins og því ber að vísa bótakröfu frá, samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

## VI

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað. Samkvæmt framlögðu yfirliti sækjanda nemur útlagður sakarkostnaður 205.595 krónum. Verður ákærði dæmdur til að greiða þá fjárhæð sem og þóknun skipaðs verjanda síns á rannsóknarstigi, Snorra Sturlusonar hdl., 175.700 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk aksturskostnaðar, 14.200 krónur og málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., sem þykir hæfilega, ákveðin 978.900 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveða upp Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

## **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Davíð Þór Gunnarsson, sæti fangelsi í 2 ár

Gæsluvarðhald, er ákærði hefur sætt frá 19. mars 2014 og óslitið til dagsins í dag, skal koma til frádráttar refsingunni að fullri dagatölu.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar.

Ákærði sæti upptöku á 17.91 g af maríhúana og 2.26 g amfetamíni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 1.374.395 krónur, þar með talda þóknun skipaðs verjanda hans á rannsóknarstigi, Snorra Sturlusonar héraðsdómslögmanns, 175.700 krónur auk aksturskostnaðar, 14.200 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir dóminum, Stefáns Karls Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 978.900 krónur.

Bogi Hjálmtýsson

Ragnheiður Bragadóttir

Kristinn Halldórsson